



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2011

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994, með síðari breytingum, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 487 – 377. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús. Með breytingunum er komið til móts við þarfir þeirra sem að þurfa að halda leiðsögu- eða hjálparhunda og þeim gert kleift að halda þá í fjöleignarhúsum án þess að sérstakt samþykki annarra liggja fyrir. Einnig eru staðfestar ríkjandi meginreglur varðandi hunda- og kattahald í fjöleignarhúsum.

Mannréttindaskrifstofan fagnar frumvarpinu og telur að með því sé stigið ákveðið skref í áttina að því að aðlaga samfélagið að þörfum fatlaðra einstaklinga. Mannréttindaskrifstofan telur að þessar breytingar séu í fullu samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Markmið ofangreinds samnings um réttindi fatlaðs fólks kemur fram í 1. gr. hans en það er að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi, og að auka virðingu fyrir meðfæddri göfgi þess. Í 9. gr. er fjallað um skyldur aðildarríkjanna til að tryggja fötluðum einstaklingum aðgengi, í því felst m.a. að aðildarríkin skuli gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífinu á öllum sviðum. Í f-h lið 4. gr. samningsins er fjallað sérstaklega um hjálpartæki og skyldu aðildarríkja til að vinna að þróun og framförum á því sviði sem og að gera fötluðum einstaklingum kleift að nýta sér þessi hjálpartæki. Í 19. gr. samningsins segir svo að ríki eigi að viðurkenna rétt fatlaðs fólks m.a. til að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima þar sem tiltekið búsetuform ríki. Með því að leyfa hjálpar- og leiðsöguhunda almennt í fjöleignarhúsum er komið til móts við þessar kröfur að einhverju leyti og því er ljóst að þessar breytingar, eins og áður segir, eru skref í áttina og þeim ber að fagna. En ljóst er að enn skortir á að tryggt sé fullt jafnræði með fötluðu fólki og öðrum þegnum samfélagsins á öðrum sviðum og mættu stjórnvöld taka þetta til fyrirmyndar í öðrum málum.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Eins og fram kemur í frumvarpinu er ljóst að með því að leyfa án takmarkana leiðsögu- og hjálparhunda í fjöleignarhúsum er hugsanlega gengið nærri réttindum annarra íbúa og því nauðsynlegt að gerðar séu ráðstafanir um það hvernig best megi leysa úr ágreiningi sem upp getur komið. Mannréttindaskrifstofan telur að úrræði það sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 33. gr. d. sé góð lausn, að óháður aðili, kærunefnd húsamála, hafi það hlutverk að leita eftir mati sérfræðinga og hlutast til um úrlausn á slíkum ágreiningi.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri